

Nd.

707. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

1. gr. nefndra laga, nr. 55 7. maí 1928, orðist svo:

Hvarvetna í landhelgi við Ísland, með undantekningum þeim, er hér fara á eftir, skulu veiðar með dragnótum bannaðar á tímabilinu frá 1. janúar til 31. ágúst og frá 1.—31. desember ár hvert.

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum þó leyfðar innan landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í síðari málsg. 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bann það, sem nú er í gildi gegn dragnótaveiðum innan landhelgi, mun hafa það i för með sér, að fjöldi báta, einkum við Faxaflóa, treystist ekki til

að leggja stund á þennan atvinnuveg. Hinsvegar er það vitað, að til er markaður í Reykjavík fyrir um 1400 tonn af þorski og flatfiski, og verð það, sem í boði er fyrir hina síðarnefndu fisktegund, vel viðunandi og mun herra en fekkst síðastl. ár.

Full ástæða virðist vera til þess, eins og við horfir hvað atvinnu sjómanna yfir sumartímann snertir, að gera þeim mögulegt að notfæra sér þennan markað. Þetta frv. er borið fram til að greiða fyrir þessu, og fylgir til frekari skýringar afrit af bréfi dags. 11. þm., sem sænsk-islenska frystihúsið hér hefir sent atvinnumálaráðuneytinu.

Bréfið hljóðar eins og hér segir:

Reykjavík, 11. maí 1933.

Til atvinnumálaráðuneytisins, Reykjavík.

Tilraunir vorar síðastliðið ár við að fá markað fyrir flakaðan frosinn þorsk, rauðsprettu og sólkola hafa borið svo góðan árangur, að vér höfum í ár ákveðið að kaupa 700 tonn af þorski, 500 tonn af rauðsprettu, 100 tonn af sólkola og 100 tonn af lúðu til frystingar og útflutnings.

Þrátt fyrir auglýsingar í dagblöðunum (sbr. meðfylgjandi auglýsingu) hefir oss ekki tekizt að semja við einn einasta bát um flatfiskveiði í sumar. Við getum ráðið ca. 25 báta til dragnótaveiða í sumar, en allir fiskimenn, sem við höfum haft tal af, segja, að þrátt fyrir hið mikla atvinnuleysi þeirra yfir sumarið sé ómögulegt fyrir þá að stunda veiðar, þar eð þeir eingöngu verða að veiða fyrir utan landhelgi til 1. sept. Þess háttar veiði telja þeir langt frá svara kostnaði og kveðast ekki geta skilið, hver ætlunin sé með að banna dragnótaveiði í landhelgi fyrir 1. sept., þar eð það er leyft eftir þann tíma til áramóta. Ef flatfiskveiðin byrjar ekki fyrr en 1. sept., er það ómögulegt fyrir oss að fá það „kvantum“, sem vér þurfum að fá til þess að geta fullnægt eftirspurninni, og auk þess verður það þess valdandi, að frystihúsið verður að stöðva framkvæmdir sínar yfir sumartímann, til mjög mikils tjóns fyrir það og þá menn, bæði sjómenn og verkamenn í landi, er gætu haft atvinnu af starfsemi þess.

Hvað verð á flatfiski viðvikur er það að segja, að við höfum boðið 40 aura fyrir kg. af rauðsprettu og 30 aura fyrir kg. af sólkola, sem er 10 aurum herra verð pr. kg. en greitt var síðastliðið sumar.

Þar sem svo virðist, að brún nauðsyn sé til að hætta úr rikjandi atvinnuleysi, og ekki sízt þegar hægt er að gera það á þann hátt að auka framleiðslu landsins til útflutnings fyrir mjög viðunandi verð, leyfum vér oss að skora á hið virðulega atvinnumálaráðuneyti að neyta allra ráða til þess að opna möguleika fyrir því, að dragnótaveiði verði leyfð í landhelgi einnig yfir sumartímann.

Virðingarfyllst,

Svensk-Ísländska Fryseriaktiebolaget.

[Undirskrift]